

## Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur,

haldinn 14. september 2018 samþykkir eftirfarandi:

Tillögur til 34. aðalfundar Landssambands smábátæigenda

1. Aðalfundurinn krefst tafarlausrar lækkunar veiðigjalda og að þau taki mið af afkomu einstakra fyrirtækja en ekki meðaltalsafkomu í sjávarútveginum. Þá gerir fundurinn þá kröfu að veiðigjöldin verði ákveðin prósentu af aflaverðmæti, sem dregið er af við uppgjör afla.
2. Aðalfundurinn krefst frjálsra makrílveiða smábáta á handfæri.
3. Aðalfundurinn hafnar með öllu kvótasetningu á grásleppu.
4. Aðalfundurinn leggur til að strandveiðar verði leyfðar 16 daga í mánuði og að lágmarki mánuði á ári. Þá krefst aðalfundurinn þess að strandveiðitímabilið fyrir vesturluta **D** svæðisins hefjist 1. mars.
5. Aðalfundurinn hafnar alfarið sameiningu aflamarks og krókaaflamarks og því að leyfa netaveiðar krókaaflamarksbáta.
6. Aðalfundurinn telur að línuívilnun eigi að breyta í krókaívilnun, þar sem allir dagróðrabátar í aflamarki og krókaaflamarki fái notið hennar.
7. Það er eindregin skoðun fundarins að handfæraveiðar smábáta eigi að vera með öllu frjálsar.
8. Í ljósi þeirrar gríðarlegu áherslu sem stjórnvöld leggja nú á að vera fremst allra þjóða í loftslagsmálum skorar fundurinn á yfirvöld að sýna þann vilja í verki með því að efla til muna smábátaútgerðina, þann hluta flotans sem skilur eftir sig minnsta sótsporið við fiskveiðar.
9. Aðalfundurinn krefst þess að veiðileyfagjöld verði leiðrétt fyrir fiskveiðiárið 2017/2018.
10. Aðalfundurinn leggur til að VS afli verður eitt tímabil á fiskveiðiarinu.
11. Aðalfundurinn vill að handfæraveiðar verði undanþegnar hrygningarstoppi.